

Aðalfundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 25. maí 2007.

Arne Vagn Olsen formaður nefndarinnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega var Hermann Tómasson boðinn velkominn. Benedikt Bragason var skipaður fundarstjóri.

Dagskrá fundar:

Íbúalýðræði

Tilgangur og starf hverfisnefnda

Umræður

Kosningar

1. Íbúalýðræði.

Hermann Tómasson flytur fundargestum fyrirlestur um íbúalýðræði. Þar kom m.a fram eftirfarandi:

- Íbúalýðræði er í raun ekki nýtt oft að minnst kosti ekki í þeirri mynd sem það hefur verið.
- Íbúar hafa með skipulagsmál að gera og fer ákveðið ferli í gang hjá bænum þegar það á við.
- Skipulagsnefnd er að þróa vinnuáferð sem tengist íbúalýðræði og er ætlunin að nota internetið og hverfisnefndir betur með þeirri aðferð.
- Vilji til að efla samráð bæjarfulltrúa og íbúa bæjarins t.d. hverfisnefndir.
- Að gott væri að funda a.m.k. einu sinni á ári með formönnum hverfisnefnda og bæjarfulltrúum.

2. Tilgangur og starf hverfisnefnda

Formaður nefndarinnar fer með smá pistil um tilgang og starf nefndarinnar. Hann nefnir m.a. störf hverfisnefndar í Síðuhverfi síðasta starfsár.

3. Umræður.

Gestir fundarins fengu að beina spjótum sínum að Hermanni Tómassyni og sat hann fyrir svörum.

- Um íbúalýðræði: Fram kom að 500 íbúar eða fleiri geta haft áhrif á skipulagsmál skv. þessari nýju stjórnsýslugerð.

- Sparkvöllur við Síðuskóla: Ástæða fyrir því að ekki er kominn völlum við skólann er skipting á framkvæmdafé. Við framkvæmdaráætlun var þessi völlum tekinn út. Hermann sagði að ekki væri hægt að lofa sparkvelli á árinu 2007 en að hann kæmi árið 2008. Einnig kom fram að KSÍ greiðir um 10% af verði vallarins.
- Fundargestir lýsa óánægju sinni með frestun vallarins.
- Grænt hverfi: Hermann nefnir í því sambandi að ekki hafi verið ánægja með störf Sorpeyjar og sagði meirihlutinn sig úr því samstarfi. Ný áætlun er uppi á pallborðinu um umhverfis- og flokkunarmál. Vinnsla með lífrænt sorp, verið er að vinna að skipulagsbreytingum og komið að því að vera með áróður og auglýsingar og hvetja fólk til þess að flokka sorp.
- Ábending kemur frá fundargestum um að bærinn þurfi að hafa tilbúna leiðir til þess að flokka sorpið.
- Umræða um skjólbelti við hverfið og ætlar Hermann að nefna það við Jón Birgi Gunnlaugsson verkefnastjóra umhverfismála.
- Fundargestir tjá óánægju sína vegna byggingar við Bugðusíðu.

4. Kosningar

Kristján Tryggvason kemur í stað Svövu Árnadóttur. Aðrir nefndarmenn gefa kost á sér áfram.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið. Fundinn sátu 14 íbúar hverfisins þ.m.t. nefndarmenn.